

Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur
Borgartún 12
105 REYKJAVÍK

Reykjavík, 24. júní 2019
Tilvísun: OS2019020078/50.4.3
Verknúmer: 3340300

Efni: Beiðni um umsögn um umsókn Faxaflóahafna um leyfi til efnistöku af hafsbotni í Sundahöfn

Orkustofnun vísar til umsóknar Faxaflóahafna sf., dags. 14. febrúar sl., þar sem á grundvelli 3. gr. laga um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins, nr. 73/1990, er sótt um leyfi til efnistöku af hafsbotni í Sundahöfn, í Gömlu höfninni í Reykjavík og á Grundartanga, til næstu fimm ára eða árin 2019-2023.

Faxaflóahafnir sækja um leyfi til töku á allt að 130.000 rúmmetrum af efni sem fellur til við viðhalds- og rekstrardýpkanir í fyrrnefndum höfnum. Mun öll efnistaka eiga sér stað á núverandi hafsvæðum eins og sjá má í meðfylgjandi gögnum.

Með ákvörðun dags. 16. janúar 2019, komst Skipulagsstofnun að þeirri niðurstöðu að fyrirhugaðar viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna væru ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og því væri framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Orkustofnun óskar hér með eftir umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um framkomna umsókn Faxaflóahafna um efnistöku af hafsbotni á svæði sem nánar er afmarkað og sýnt á kortum á meðfylgjandi fylgiskjöllum með umsókninni.

Þess er óskað að umsögnin berist Orkustofnun eigi síðar en 1. ágúst nk., sem og á tölvupóstfangið os@os.is. Berist ekki athugasemdir innan tilskilins frests, lítur Orkustofnun svo á að athugasemdir séu ekki gerðar við umsóknina.

Virðingarfyllst,
f.h. orkumálastjóra



Kristján Geirsson
verkefnastjóri



Harpa Þórunn Pétursdóttir
lögfræðingur

Afrit sent til: Faxaflóahafna

Einnig er óskað umsagna frá: Hafrannsóknastofnun, Náttúrufræðistofnun Íslands, Umhverfisstofnun, Fiskistofu, Samgöngustofu, Reykjavíkurborg og Minjastofnun Íslands

Fylgiskjöl: Umsókn ásamt fylgigögnum

2019-06-0381
25.24

ORKUSTOFNUN			
Skjalasafn			
Dags. mótt.	19.02.2019	Ábrn.	BGR
Málsnúmer	052019.02.0078	Aðrir	EG
Skjalalykill	20.4.3	---	H2D
Verknúmer	3340300	Trún.	SEH
Fskj./aths.	2 BK	Afrit til	

Reykjavík, 14. febrúar 2019/JP

Orkustofnun
Grensásvegi 9
108 Reykjavík

Varðar: Viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna 2019 – Umsókn um leyfi Orkustofnunar til efnistöku af hafsbotni í Sundahöfn, í Gömlu höfninni í Reykjavík og á Grundartanga

Samkvæmt 3.gr. laga nr. 73/1990 um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins er óheimilt að taka eða nýta efni af hafsbotni eða úr honum, sbr. 1. gr., nema að fengnu skriflegu leyfi Orkustofnunar.

Faxaflóahafnir stefna að viðhaldsdýpkunum í Sundahöfn, í Gömlu höfninni og á Grundartanga á árunum 2019-2023 sem felur í sér töku efnis af hafsbotni. Umfang dýpkunarefnis mun nema um 130.000 m³ og er gert ráð fyrir að um 100.000 m³ komi úr Sundahöfn, um 20.000 m³ komi úr Gömlu höfninni og um 10.000 m³ komi úr Grundartanga. Öll efnistaka mun eiga sér stað á núverandi hafnarvæðum eins og sjá má í meðfylgjandi gögnum. Ekkert af því efni sem þarf að fjarlægja er hægt að nýta í landfyllingar að utan efni úr Grundartanga og því þarf að varpa öllu dýpkunarefni í Reykjavík í hafið í námu við Engey sem nýtt hefur verið til losunar á dýpkunarefni til þessa í hafnargerð Faxaflóahafna á undanförmum árum.

Hluta efnis verður mokað upp með gröfu og það flutt og losað með pramma á námusvæðið austan Engeyjar. Hluta efnis verður unnt að ná upp með dæluröri og skila þannig á námusvæðið austan Engeyjar.

Faxaflóahafnir spurðust fyrir um matsskyldu framkvæmda í samræmi við 6. laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna. Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknarstofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar. Ákvörðun Skipulagsstofnunar lá fyrir 16.janúar 2019 og var niðurstaða stofnunarinnar, á grundvelli fyrirbyggjandi gagna, að fyrirhugaðar viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna séu ekki líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skulu því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Með umsókn þessari fylgja eftirfarandi gögn:

1. Viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna árin 2019-2023. Mat á umhverfisáhrifum-fyrirspurn um matsskyldu framkvæmda. Júní 2018. Unnið af Mannviti fyrir Faxaflóahafnir.
2. Viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna 2019-2023. Ákvörðun um matsskyldu. Skipulagsstofnun, 16.janúar 2019.

Óskað er samþykktar Orkustofnunar á töku efnis í Sundahöfn, Gömlu höfninni og á Grundartanga eins og hér er lýst og í þeim skjölum sem fylgja erindinu. Stefnt er að útboði á þessum dýpkunarverkum sem allra fyrst þannig að ákveðnum verkátöngum verði lokið fyrir komu fyrstu skemmtiferðaskipa í byrjun maí. Kort og önnur gögn sem sýna áætluð dýpkunarsvæði og nánari verklýsingar koma fram í útboðsgögnum dýpkunarverks. Stefnt er að auglýsingu þess um næstu helgi. Útboðsgögn verða afhent á stafrænu formi með að senda beiðni á netfangið utbod@mannvit.is frá og með mánudeginum 18. febrúar.

Samfara umsókn um leyfi til efnistöku af hafsbotni hafa Faxaflóahafnir óskað eftir leyfi frá Umhverfisstofnun fyrir varpi dýpkunarefna í hafið skv. 9.gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Einnig hafa Faxaflóahafnir óskað eftir framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar í samræmi við 14.gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Faxaflóahafnir sf vonast til að framanskráðar upplýsingar séu fullnægjandi til að hægt verði að afgreiða erindið formlega eins fljótt og auðið er. Ef þörf er á frekari upplýsingum eða skýringum erum við að sjálfsögðu reiðubúnir til að veita þær.

Virðingarfyllst
Jón Þorvaldsson
Jón Þorvaldsson
aðstoðarhafnarstjóri

Viðhalds- og rekstrardýpkanir Faxaflóahafna 2019-2023

Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 21. júní 2018 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Faxaflóahöfnum um fyrirhugaða viðhalds- og rekstrardýpkun 2019-2023 í Reykjavík samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum, sbr. lið 2.03 í 1. viðauka laganna. Skipulagsstofnun leitaði umsagna Reykjavíkurborgar, Fiskistofu, Hafrannsóknastofnunar, Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur, Minjastofnunar Íslands, Orkustofnunar, Samgöngustofu og Umhverfisstofnunar.

Gögn lögð fram:

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Viðhalds- og rekstrardýpkun Faxaflóahafna árin 2019-2023. Mat á umhverfisáhrifum - fyrirspurn um matsskyldu. Faxaflóahafnir og Mannvit, júní 2018.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá:

- Reykjavíkurborg, umhverfis og skipulagssviði með bréfum dags. 6. júlí 2018 og 17. ágúst 2018.
- Fiskistofu með bréfi dags. 10. ágúst 2018.
- Hafrannsóknastofnun með bréfi dags. 6. september 2018.
- Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur með bréfi dags. 2. júlí 2018 og tölvupósti dags. 21. ágúst 2018.
- Minjastofnun Íslands með bréfi dags. 11. júlí 2018.
- Orkustofnun með bréfi dags. 29. ágúst 2018.
- Samgöngustofu með bréfi dags. 9. júlí 2018.
- Umhverfisstofnun með bréfi dags. 4. júlí 2018.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila með bréfum dags. 20. júlí, 20. ágúst, 10., 14. og 18. september og tölvupóstum 15. október, 19. nóvember og 17. desember 2018.

2 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fram kemur í gögnum framkvæmdaraðila að á árunum 2019-2023 séu áætlaðar dýpkanir til að viðhalda höfnum í Reykjavík til næstu ára og séu þær fyrst og fremst tengdar komum stærri og djúpristari skipa, m.a. skemmtiferðaskipa, þar sem nægjanlegt dýpi í aðsiglingu og viðlegu verði að vera til staðar. Enn fremur er bent á að í smíðum séu ný gámaskip á vegum Eimskips sem muni leggjast að nýjum hafnarbakka utan Klepps en stefnt sé á að ljúka byggingu hans sumarið 2019. Þá séu gámaskip Samskipa að kenna botns í aðsiglingu að Vogabakka. Nauðsynlegt sé einnig að yfirfara og lagfæra dýpi á nokkrum stöðum í viðlegum í Gömlu höfninni.

Áform framkvæmdaraðila hafa tekið töluverðum breytingum á meðan málsmeðferð stóð yfir. Upphafleg áform fólust í því að dýpka átti við Sundahöfn, í Gömlu höfninni og innsiglingu að höfn við Ártúnshöfða. Þá var jafnframt fyrirhugað að nýta dýpkunarefni að mestu í landfyllingar. Í kjölfar umsagna sem bárust var horfið frá því að dýpka innsiglingu við Ártúnshöfða ásamt því að ekki er lengur áætlað að nota dýpkunarefni í landfyllingar. Í umsögnum komu meðal annars fram ábendingar um hættu á menguðu seti á dýpkunarsvæði við Ártúnshöfða sem og að óvissa væri um möguleika á að nota dýpkunarefni í landfyllingar.



Í ákvörðun þessari er fjallað um dýpkun á botni í Sundahöfn og Gömlu höfninni. Áætlað er að úr Sundahöfn komi 120.000 m³ af dýpkunarefni og úr Gömlu höfninni um 20.000 m³. Fyrirhugað er að varpa efninu í hafið austan Engeyjar, í gamla námu. Farið hafa fram mælingar á mengunarástandi lausra setlaga á Sundahafnarsvæði. Eingöngu verður dýpkað á svæðum þar sem dýpkunarefni fellur í flokka 1-3 með tilliti til styrks mengandi efna sbr. leiðbeinandi reglur Umhverfisstofnunar um meðferð dýpkunarefnis.

Í umsögn umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar segir að áætluð 140.000 m³ losun við Engey sé lítil miðað við það magn sem hafi þegar verið losað þar. Þó fylgi ekki í tilkynningu framkvæmdaraðila hversu mikið magn losunarstaðurinn þoli og að erfitt sé að leggja mat á umhverfisáhrif þess að losa efni þar.

Í frekari svörum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrir liggja dýptarmælingar og skilgreindar afmarkanir á losunarsvæði austan Engeyjar og að rými til losunar við Engey sé meira en tvöfalt stærra en þörf er á fyrir það magn sem hér sé til umfjöllunar eða um 300.000 m³.

Í umsögn Hafrannsóknastofnunar er bent á að með þeirri losun sem fyrirhuguð framkvæmd felur í sér sé heildarmagn losunar við við Engey frá árinu 2005 rúmlega 1.000.000 m³. Það væri fróðlegt að skoða botninn austan Engeyjar með fjölgeislamæli. Slíkar mælingar gætu gefið gagnlegar upplýsingar um námurnar sem losað sé í.

Í svörum framkvæmdaraðila kemur fram að Sjósmælingarsvið Landhelgisgæslunnar hafi dýptarmælt reglulega allt losunarsvæði austan Engeyjar á undanförunum árum. Á grundvelli mælinga hafa verið gefin út kort af losunarsvæði. Samkvæmt slíku korti dagsettu í mars 2017 sé flatarmál skilgreinds losunarrýmis áætlað um 105.000 m² og áætlað rúmmál þess 335.000 m³.

3 UMHVERFISÁHRIF

Fram kemur í greinargerð framkvæmdaraðila að dýpkanir fari fram innan hafna í fullri starfsemi og að framkvæmdasvæði sé þegar raskað vegna fyrri framkvæmda. Framkvæmdaraðili telji að fyrirhugaðar dýpkunarframkvæmdir hafi óveruleg áhrif á lífríki. Engin verndarákvæði eigi við um svæðið en gæta þurfi varúðar varðandi tímasetningar með tilliti til farleiða laxfiska en með því að halda framkvæmdum við Vogabakka utan þess tíma sem laxfiskar gangi úr og í Elliðaár sé unnt að halda áhrifum á þá í lágmarki.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að stofnunin telji ekki líklegt að framkvæmdin komi til með að hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Í umsögn Orkustofnunar kemur fram að stofnuninni hafi borist upplýsingar um að vart hafi orðið við aukið magn fínafna á efnistökusvæði Björgunar ehf. austan Engeyjar sem sé rétt norðan við losunarsvæði við Engey. Að mati Orkustofnunar þurfi að kanna hvort fínafni séu farin að valda óæskilegum breytingum á efniseiginleikum á því efnistökusvæði, og hvort ástæða sé til að vakta flæði þeirra inn á efnistökusvæðið. Skoða þurfi hvort of stutt sé á milli losunarsvæðis og efnistökusvæðis.

Í umsögn Fiskistofu segir að stofnunin hafi fyrst og fremst horft til mögulegra áhrifa efnistöku við Ártúnshöfða, sem framkvæmdaraðili féll frá síðar í ferlinu, vegna áhrifa á far laxfiska. Í umsögninni er vísað til rannsóknar Hafrannsóknastofnunar á farleið laxaseiða úr Elliðaánum. Niðurstöður þeirrar rannsóknar sýni að laxaseiði dvelji í skamman tíma á fyrirhuguðu framkvæmasvæði og að það væri ólíklegt að svæðið skipti máli varðandi fæðuöflun fyrir seiðin.



4 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Reykjavíkurborgar samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi vegna dýpkunar innan netlaga. Þá er framkvæmdin háð leyfi Orkuskipti og Umhverfisstofnunar til töku efnis utan netlaga sbr. lög um eignarrétt íslenska ríkisins að auðlindum hafsbotnsins. Einnig leyfi Umhverfisstofnunar vegna varps í hafið í samræmi við lög um varnir gegn mengun hafs og stranda.

5 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða dýpkanir til að viðhalda höfnum í Reykjavík til næstu ára, meðal annars tengt stærri og djúpristari skipum. Yfirfara á og lagfæra dýpi á nokkrum stöðum í viðlegum í Gömlu höfninni ásamt því að dýpka á í Sundahöfn.

Dýpkunarefni sem til fellur við þá framkvæmd sem hér er til umfjöllunar, það er dýpkun í Gömlu höfninni um 20.000 m³ og í Sundahöfn um 120.000 m³ á árunum 2019-2023, verður losað í sjó í gamla námu austan Engeyjar þar sem efni hefur verið losað frá árinu 2005. Eingöngu verður dýpkað á svæðum þar sem styrkur mengunarefna fellur í flokka 1-3 sbr. leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðferð dýpkunarefnis.

Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 2.03 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli hennar, meðal annars umfangi framkvæmdar og mengun, sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 106/2000. Jafnframt ber að taka mið af staðsetningu framkvæmdar með hliðsjón af því hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, meðal annars með tilliti til álagsþols náttúrunnar, sbr. 2. tl. 2. viðauka sömu laga. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars með tilliti til stærðar og fjölbreytileika áhrifa og til þess hverjar líkur eru á áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laganna. Umfang fyrirhugaðar framkvæmdar er töluvert en magn dýpkunarefnis er áætlað um 140.000 m³. Fyrirhuguð dýpkunarsvæði eru á röskuðum svæðum innan hafna og verður efni losað í gamla námu sem talin er rúma talsvert meira efni en fyrirhugað er að losa. Rask vegna framkvæmda verður bundið við svæði sem þegar hefur verið raskað.

Að mati Skipulagsstofnunar felast hugsanleg umhverfisáhrif fyrirhugaðra framkvæmda fyrst og fremst í hættu á að menguðu seti verði dælt upp og varpað í hafið. Framkvæmdaraðili hefur lagt fram upplýsingar um áformaða tilhögun framkvæmda. Fyrir liggur að mengun setlaga á Sundahafnasvæði hefur verið rannsökuð og að eingöngu er fyrirhugað að dýpka á svæðum þar sem styrkur mengunarefna fellur í flokka 1-3 sbr. leiðbeiningar Umhverfisstofnunar um meðferð dýpkunarefnis. Ekki er því talið líklegt að varp dýpkunarefnisins í hafið muni hafa neikvæð áhrif á vistkerfi sjávar.

Ekki er útilokað að dýpkunarframkvæmdir við Vogabakka geti haft áhrif á göngu laxa í og úr Elliðaám. Líkur á því eru þó ekki miklar og með því að framkvæma utan göngutíma laxa ætti að vera hægt að lágmarka þau áhrif. Skipulagsstofnun telur tilefni að skilgreina leyfilegan framkvæmdatíma við Vogabakka í starfsleyfi með tilliti til göngutíma laxa í og úr Elliðaám.

Efnislosun við Engey kann að hafa áhrif á efnistökusvæði á hafsbotni í nágrenni losunarsvæðis, sbr. umsögn Orkuskipti og Umhverfisstofnunar. Því er mögulegt að framkvæmdin hafi áhrif á fyrirhugaða auðlindanýtingu.



Skipulagsstofnun telur að þættir sem falla undir eðli og staðsetningu framkvæmdarinnar og eiginleika hugsanlegra áhrifa kalli ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Samkvæmt 14. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 18. febrúar 2019.

Reykjavík, 16. janúar 2019

Jakob Gunnarsson

Egill Þórarinnsson



VIÐHALDS- OG REKSTRARDÝPKANIR FAXAFLÓAHAFNA ÁRIN 2019-2023

MAT Á UMHVERFISÁHRIFUM-FYRIRSPURN UM
MATSSKYLDU FRAMKVÆMDA

JÚNÍ 2018

Efnisyfirlit

1. Inngangur	1
1.1 Matsskylda.....	1
1.2 Leyfismál.....	1
2. Aðstæður á hafnarsvæðum.....	2
2.1 Gamla höfnin	2
2.2 Sundahöfn.....	3
2.3 Ártúnshöfði.....	4
3. Landgerð og viðhaldsdýpkun Faxaflóahafna í Reykjavík á árunum 1985-2017.....	5
3.1 Yfirlit	5
3.2 Gamla höfnin	5
3.3 Sundahöfn.....	7
3.2 Ártúnshöfði.....	9
4. Skipulag og mat á umhverfisáhrifum.....	12
4.1 Aðalskipulag.....	12
4.1 Mat á umhverfisáhrifum.....	13
5. Framkvæmdaáform og umhverfismál	14
5.1 Áform Faxaflóahafna	14
5.2 Umhverfisáhrif.....	15
6. Niðurstaða	15

1. Inngangur

Faxaflóahafnir sf (áður Reykjavíkurhöfn) hafa alla tíð frá því að hafnargerð hér lauk fyrir 100 árum síðan unnið að viðhalds- og rekstrardýpkunum á sínum höfnum. Dýpkun hafna, bygging hafnarmannvirkja og landgerð hafa alla tíð verið náskyld og tengd verkefni. Þetta á jafnt við um þróun Gömlu hafnarinnar, Sundahafnar og og Ártúnshöfða. . Áform eru uppi um frekari framkvæmdir á þessu sviði á næstu árum. Hér á eftir er fjallað um þær framkvæmdir sem þegar hefur verið unnið að á svæðinu sem og um fyrirhuguð áform árin 2019-2023. Tilfni þessarar samantektar tengist leyfismálum. Sundahöfnin og Gamla höfnin eru hafnir í fullum rekstri þar sem sinna þarf viðhalds- og rekstrardýpkunum og landgerð með jöfnu millibili. Mæta þarf breytingum á skipakosti, stækkandi skipum með aukna ristu og tryggja að tilskilið viðlegudýpi sé til staðar. Tafsamt getur verið að fara í gegnum langt leyfisferli í hvert skipti sem haldið er af stað í slíka vegferð. Með þessari samantekt er gefið yfirlit yfir framkvæmdir næstu 5 ára og hvernig áætlað er að farið verði með dýpkunarefni. Tilgangur þess er að gera ferla skilvirka og auðvelda þannig vinnu að eðlilegum viðhaldsverkefnum og uppbyggingu hafnarsvæðis.

1.1 Matsskylda

Faxaflóahafnir áforma að efni sem til fellur við viðhalds- og rekstrardýpkun í Sundahöfn, Gömlu höfninni og við Ártúnshöfða, og þurfi að varpa í hafið á fyrirfram skilgreindan losunarstað austan Engeyjar, nemi um 140.000 m³ til næstu 5 ára eða árin 2019-2023. Slíkar framkvæmdir falla undir flokk B í viðauka 1 við lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 samkvæmt lið 2.3, þar sem segir:

„Efnistaka og/eða haugsetning á landi eða úr hafsbotni þar sem áætlað er að raska 25.000 m² svæði eða stærra eða efnismagn er 50.000 m³ eða meira.“


1.2 Leyfismál

Þegar varpa þarf dýpkunarefni í hafið í stað þess að hægt sé að nýta það til landgerðar og í landfyllingar, þarf að sækja um leyfi til Umhverfisstofnunar í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda. Eftir árið 2005 hafa Faxaflóahafnir þurft að grípa til þess að varpa dýpkunarefni í hafið og hafa sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar í samræmi við ofangreind lög. Dýpkunarefni hefur fyrst og fremst verið komið fyrir í gamalli efnisnámu sem nýtt hefur verið áður um langt skeið af jarðefnafyrirtækinu Björgun til efnistöku úr sjó, en notkun námunnar var hætt fyrir rúmum tuttugu árum síðan.

2. Aðstæður á hafnarsvæðum

2.1 Gamla höfnin

Framkvæmdir við Gömlu höfnina í Reykjavík stóðu yfir á árunum 1913-1917. Hafnarsvæðið er nær allt á landfyllingu og skiptist í mörg svæði sem sjá má á mynd 1. Í gegnum árin hafa orðið ýmsar breytingar í höfninni samfara því sem vinna þarf reglulega að viðhalds- og rekstrardýpkunum.



Mynd 1 Gamla höfnin í Reykjavík¹.

¹ Mynd fengin af vef Faxaflóahafna í maí 2018: <http://faxaports.is/area/gamla-hofn/>

2.2 Sundahöfn

Allt frá því ákveðið var að byggja upp nýtt hafnarsvæði í Sundahöfn í lok sjöunda áratugar síðustu aldar hefur svæðið tekið stórstígum breytingum í takti við tæknipróun skipa og nútímakröfur um flutninga og þjónustu. Sundahöfn er í dag þungamiðja í flutningum og atvinnustarfsemi á Íslandi og er megingátt vöruflutninga til landsins. Heildarstærð hafnarlands Sundahafnar er í dag um 165 ha og skiptist í eftirfarandi fjögur svæði, sjá einnig mynd 2:

1. Klettasvæði og Skarfabakki, en þar er m.a. aðstaða Hampiðjunnar, vöruhús og aðstaða skemmtiferðaskipa.
2. Vatnagarðar og farmstöð Eimskipa, alls um 32 ha.
3. Þróunarsvæði utan Klepps, alls um 20 ha landfylling.
4. Kleppsvík og Vogabakki, en þar er farmstöð Samskipa á um 22 ha svæði².



Mynd 2 Sundahöfn³.

² Sótt af vef Faxaflóahafna í apríl 2018. <http://www.faxaflaohafnir.is/throunarverkefni-2/>

³ Mynd fengin af vef Faxaflóahafna: <http://faxaports.is/area/sundahofn/>

2.3 Ártúnshöfði

Við Ártúnshöfða er rekin höfn sem þjónað hefur jarðefnafyrirtækinu Björgun til áratuga. Þar hafa einnig landað skip sem koma með sement og asfalt til Malbikunarstöðvarinnar Höfða ásamt fleiru. Eigendaskipti urðu á þessari höfn í byrjun árs 2018 og mun Reykjavíkurborg taka við rekstri hennar í tengslum við uppbyggingu Bryggjuhverfis á svæðinu og brottflutning Björgunar þegar að kemur fram á árið 2019. Smábátahöfn er rekin af Snarfara í Elliðaárvogi og eins er smábátahöfn í Bryggjuhverfi í Grafarvogi. Reglulega hefur þurft að sinna viðhaldsdýpkunum í smábátahöfnunum og höfninni við Ártúnshöfða, en þar hefur reglulega safnast set í innsiglingarrennur og á hafnarsvæði sem rekja má að hluta til starfsemi Björgunar en einnig sets úr Elliðaám og annars staðar af landi. Sjá má yfirlitsmynd af höfnunum við Ártúnshöfða á mynd 3.



Mynd 3 Hafnir við Ártúnshöfða. Snarfari lengst til vinstri. Höfn Björgunar fyrir miðju. Bryggjuhverfi lengst til hægri.⁴

⁴ Mynd sótt af borgarvefsjá Reykjavíkurborgar í apríl 2018.

3. Landgerð og viðhaldsdýpkun Faxaflóahafna í Reykjavík á árunum 1985-2017

3.1 Yfirlit

Fyrir liggur gott yfirlit frá Faxaflóahöfnum yfir dýpkunarverkefni og losunarsvæði dýpkunarefnis á árunum 1985-2017. Samkvæmt því yfirliti hefur magn dýpkunarefnis sem orðið hefur til við dýpkunarframkvæmdir á þessum árum numið um 4.000.000 m³. Af því efni hefur um 75% verið nýtt í landgerð á hafnarsvæðum og um 25% efni verið losað í sérstök losunarsvæði í sjó. Á árunum 1985-2005 var allt dýpkunarefni nýtt í landgerð á hafnarsvæði Faxaflóahafna. Hér á eftir er nánari útlistun á afdrifum dýpkunarefnis eftir verkefnum. Til upplýsingar er einnig mynd (mynd 4) sem sýnir umfang landgerðar í Reykjavíkurböfn 1900-2030, en myndin er fengin úr ársskýrslu Faxaflóahafna fyrir árið 2016. Í dag er landgerð á hafnarsvæðum hér í Reykjavík orðin um 157 ha frá lokum hafnargerðar Gömlu hafnarinnar á árinu 1917.

3.2 Gamla höfnin

Í töflu 1 er yfirlit yfir dýpkunarverkefni í Gömlu höfninni og afdrif dýpkunarefnis úr þeim framkvæmdum. Eins og þar kemur fram hefur dýpkun í Gömlu höfninni í Reykjavík numið um 900.000 m³ frá árinu 1985. Unnið hefur verið reglulega að viðhalds- og rekstrardýpkunum á þessu tímabili og nær öllu efni komið fyrir í landfyllingum í Sundahöfn. Um 12.000 m³ efni hefur þurft að koma fyrir í gryfju austan Engeyjar sem áður var nýtt til efnistöku, alls um 1,5 % alls efni úr Gömlu höfninni. Sótt hefur verið reglulega um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna varps dýpkunarefnis í hafið í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Tafla 1 Dýpkun í Gömlu höfninni í Reykjavík á árunum 1985-2017.

Ártal	Gamla höfnin - dýpkunarsvæði	Dýpkun m ³	Afdrif efni	
			Landfylling	Varp í hafið
1986	Austurhöfn, bakkar og snúningssvæði	20.000	Kleppssvæði	
1990	Ægisgarður viðlega	2.500		
1992	Grandabryggja, viðlega	3.000	Kleppssvæði	
	Efnisskipti, Miðbakki	30.000	Innan við Miðbakka	
1993	Austurhöfn, dýpkun	22.000	Klettasvæði	
	Dýpkun Gömlu hafnar	3.780	Klettasvæði	
1994	Dýpkun Gömlu hafnar	279.396	Klettasvæði	
1996	Eyjargarður, dýpkun efnisskiptaskurðar	4.500	Fylling undir grjótgarð	
1997	Eyjargarður, dýpkun efnisskiptaskurðar	96.500	Fyllingu undir grjótgarð	
	Eyjargarður, dýpkun efnisskiptaskurðar	13.400	Klettasvæði	

Ártal	Gamla höfnin - dýpkunarsvæði	Dýpkun m ³	Afdrif efnis	
			Landfylling	Varp í hafið
1998	Eyjargarður, snúningssvæði	9.790	Fylling undir grjótgarð	
	Eyjargarður, snúningssvæði	11.220	Klettasvæði	
1999	Eyjargarður, olíubr. Örfirisey, dýpkun	21.538	Klettasvæði	
	Eyjargarður, olíubr. Örfirisey, dýpkun	25.960	Skarfagarður	
2000	Faxagarður, lega og snúningssvæði	25.680	Vatnagarðar	
	Miðbakkí, Austurbakkí, Viðhaldsdýpkun	2.700	Vatnagarðar	
2002	Norðurgarður, efnisskipti	17.870	Landgerð austan Norðurgarðs	
2003	Miðbakkí, viðhaldsdýpkun	5.200	Landgerð austan Norðurgarðs	
	Austurbakkí, viðhaldsdýpkun	2.095		
	Faxagarður, viðhaldsdýpkun	1.990		
	Ægisgarður, viðhaldsdýpkun	0		
	Grandabryggja, viðhaldsdýpkun	810		
	Innsigling	34.440		
	Innsigling	15.560	Klettasvæði	
2004	Dýpkun Austurhafnar	16.830	Landgerð austan Norðurgarðs	
	Dýpkun Austurhafnar	19.170	Klettasvæði	
	Innsigling	3.000	Kleppssvæði	
	Innsigling	56.300	Klettasvæði	
2005	Dýpkun við Norðurgarð			
2006	Dýpkun Vesturhafnar, innri hluti	58.340	Kleppssvæði utan Holtabakka	
	Dýpkun Vesturhafnar, ytri hluti	60.328	Kleppssvæði utan Holtabakka	
2007	Dýpkun Vesturhafnar, ytri hluti	5.000		Losunarsvæði austan Engeyjar
2011	Dýpkun í Norðurbugt	4.365	Kleppssvæði	
	Dýpkun í Suðurbugt	700	Kleppssvæði	
	Austurbugt, grús fjarlægð	7.920	Kleppssvæði	
	Austurbugt, grús fjarlægð	12.300	Kleppssvæði	

Ártal	Gamla höfnin - dýpkunarsvæði	Dýpkun m ³	Afdrif efnis	
			Landfylling	Varp í hafið
2012	Dýpkun vestan Ægisgarðs. 1.áf.	1.200	Klettasvæði	
	Dýpkun vestan Ægisgarðs. 2.áf.	1.200	Klettasvæði	
	Dýpkun vestan Ægisgarðs. 3.áf.	3.200	Klettasvæði	
2014	Viðhaldsdýpkanir	3.950		Losunarsvæði austan Engeyjar
2016	Dýpkun við Norðurgarð. Laust efni			Losunarsvæði austan Engeyjar
	Dýpkun við Norðurgarð. Klöpp			Losunarsvæði austan Engeyjar
2017	Dýpkun við Norðurgarð. Laust efni	1.170		Losunarsvæði austan Engeyjar
	Dýpkun við Norðurgarð. Klöpp	2.840		Losunarsvæði austan Engeyjar
	<i>Alls</i>	902.742		
	<i>Alls í landfyllingar</i>	889.782 (98,6%)		
	<i>Alls á losunarsvæði austan Engeyjar</i>	12.960 (1,4%)		

3.3 Sundahöfn

Í töflu 2 er yfirlit yfir dýpkunarverkefni í Sundahöfn og afdrif dýpkunarefnis úr þeim framkvæmdum. Eins og þar kemur fram hefur dýpkun í Sundahöfn numið um 2.900.000 m³ frá árinu 1985. Unnið hefur verið reglulega að dýpkunum á þessu tímabili og fram til ársins 2005 var öllu efni komið fyrir í landfyllingum í Sundahöfn. Eftir árið 2005 hefur verið minna um landgerð í Sundahöfn og því hafa Faxaflóahafnir þurft að grípa til þess ráðs að koma efni fyrir í gryfju austan Engeyjar sem áður var nýtt til efnistöku. Magn efnis sem komið hefur verið fyrir í gryfju austan Engeyjar úr dýpkunarverkefnum í Sundahöfn á árunum 2005-2017 nemur um 960.000 m³ eða um 33% dýpkunarefnis á árunum 1985-2017. Sótt hefur verið reglulega um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna varps dýpkunarefnis í hafið í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Tafla 2 Dýpkun í Sundahöfn og afdrif dýpkunarefnis á árunum 1985-2017.

Ártal	Sundahöfn - dýpkunarsvæði	Dýpkun m ³	Afdrif efnis	
			Landfylling	Varp í hafið
1985	Kleppsvík	40.000	Klettagarðar	
1988	Vatnagarðar og Klettasvæði	25.800	Kleppssvæði	
1990	Kleppsvík	135.260	Kleppssvæði og Vogabakki, I. áf.	
1991	Kleppsvík og Vatnagarðar	161.546	Kleppssvæði og Vogabakki, II. áf.	
1992	Kleppsvík	94.694	Kleppssvæði	

Ártal	Sundahöfn - dýpkunarsvæði	Dýpkun m ³	Afdrif efnis	
			Landfylling	Varp í hafið
1994	Vatnagerðar-viðlega	4.200	Klettasvæði	
1995	Vatnagarðar	2.280	Klettasvæði	
1996	Kleppsvík og Vatnagarðar	43.400	Kleppsskaft	
1997	Kleppsvík-snúningssvæði Vogabakka	3.523	Klettasvæði og Vogabakki/Holtabakki	
1998	Kleppsvík og Vatnagarðar	76.355	Klettasvæði, Vogabakki/Holtabakki, austan Kleppsbakka	
1999	Kleppsvík og Vatnagarðar	108.270	Vogabakki/Holtabakki og austan Kleppsbakka	
2000	Vatnagarðar og Kleppsvík	196.990	Vatnagarðar, austan Kleppsbakka og Vogabakki/Holtabakki	
2001	Vatnagarðar og Kleppsvík	132.540	Vatnagarðar	
2002	Kleppsvík og Vatnagarðar	289.140	Vatnagarðar	
2003	Kleppsvík, Vatnagarðar og Klettasvæði	435.265	Vatnagarðar og Klettasvæði	
2005	Kleppsvík, Vatnagarðar, Vogabakki, Skarfabakki	127.800	Kleppssvæði og Gufunes	
	Vatnagarðar og Viðeyjarsund	133.700		Losunarsvæði austan Engeyjar
2006	Vatnagarðar, Skarfabakki, Viðeyjarsund	256.300		Losunarsvæði austan Engeyjar
2007	Vogabakki, Skarfabakki, Vatnagarðar, Viðeyjarsund	196.770		Losunarsvæði austan Engeyjar
2008	Kleppssvæði og Viðeyjarsund	64.300		Losunarsvæði austan Engeyjar
2009	Kleppssvæði, Vogabakki og Viðeyjarsund	144.232		Losunarsvæði austan Engeyjar
	Kleppssvæði	2.400	Kleppssvæði	
2012	Skarfabakki	47.616	Kleppssvæði og Klettasvæði	
	Skarfabakki	94.728		Losunarsvæði austan Engeyjar
2013	Skarfabakki	27.550		Losunarsvæði austan Engeyjar
2014	Ýmsar bryggjur	6.570		Losunarsvæði austan Engeyjar

Ártal	Sundahöfn - dýpkunarsvæði	Dýpkun m ³	Afdrif efnis	
			Landfylling	Varp í hafið
2015	Vogabakki	3.200		Losunarsvæði austan Engeyjar
2017	Kleppssvæði	32.400		Losunarsvæði austan Engeyjar
	<i>Alls</i>	2.930.427		
	<i>Alls í landfyllingar</i>	1.970.677 (67%)		
	<i>Alls á losunarsvæði austan Engeyjar</i>	959.750 (33%)		

3.2 Ártúnshöfði


Í töflu 3 er yfirlit yfir dýpkunarverkefni í Ártúnshöfða og afdrif dýpkunarefnis úr þeim framkvæmdum. Eins og þar kemur fram hefur viðhaldsdýpkun við Ártúnshöfða numið um 112.000 m³ frá árinu 1985. Unnið hefur verið reglulega að dýpkunum á þessu tímabili og fram til ársins 2005 var öllu efni komið fyrir í landfyllingum í Sundahöfn. Eftir árið 2005 hefur verið minna um landgerð í Sundahöfn og því hafa Faxaflóahafnir þurft að grípa til þess ráðs að koma efni fyrir í gryfju austan Engeyjar sem áður var nýtt til efnistöku. Magn efnis sem komið hefur verið fyrir í gryfju austan Engeyjar úr dýpkunarverkefnum við Ártúnshöfða á árunum 2005-2017 nemur um 11.500 m³ eða um 10% dýpkunarefnis á árunum 1985-2017. Reglulega hefur verið sótt um leyfi til Umhverfisstofnunar vegna varps dýpkunarefnis í hafið í samræmi við 9. gr. laga nr. 33/2004 um varnir gegn mengun hafs og stranda.

Tafla 3 Dýpkun við Ártúnshöfða og afdrif dýpkunarefnis á árunum 1985-2017.

Ártal	Ártúnshöfði - dýpkunarsvæði	Dýpkun m ³	Afdrif efnis	
			Landfylling	Varp í hafið
1989	Aðsigling	20.000	Kleppssvæði	
1994	Dýpkun aðsiglingar að Snarfarahöfn	9.120	Klettasvæði	
	Innsigling að Ártúnshöfða	31.200	Klettasvæði	
1995	Dýpkun legu- og snúningssvæðis	13.920	Klettasvæði	
1998	Viðhaldsdýpkun	800	Út af Kleppi	
2002	Viðhaldsdýpkun, snúningssvæði	3.815	Vatnagarðar (framan við Klepp)	
2003	Viðhaldsdýpkun, snúningssvæði	7.500	Klettasvæði	
2006	Viðhaldsdýpkun	14.950	Gufunes	
2011	Viðhaldsdýpkun, innsiglingarreina	7.700		Losunarsvæði austan Engeyjar
	Viðhaldsdýpkun, viðlega	640		Losunarsvæði austan Engeyjar

Ártal	Ártúnshöfði - dýpkunarsvæði	Dýpkun m ³	Afdrif efnis	
			Landfylling	Varp í hafið
2015	Viðhaldsdýpkun	3.200		Losunarsvæði austan Engeyjar
	<i>Alls</i>	112.845		
	<i>Alls í landfyllingar</i>	101.305 (90%)		
	<i>Alls á losunarsvæði austan Engeyjar</i>	11.540 (10%)		

Reykjavíkurbíó Landgerð 1900–2030



Mynd 4 Landgerð í Reykjavíkurbíó 1900–2030. (Upplýsingar fengnar úr ársskýrslu Faxaflóahafna 2016: <http://www.faxaflaohafnir.is/wp-content/uploads/2016/08/BDrsia-2016.pdf>)

4. Skipulag og mat á umhverfisáhrifum

Eins og fram kemur í kafla 3 hafa staðið yfir viðhalds- og rekstrardýpkanir í Gömlu höfninni, Sundahöfn og við Ártúnshöfða svo til á hverju ári á árunum 1985-2017. Bæði hefur verið um að ræða stækkun hafnarsvæða en einnig reglulegar viðhaldsdýpkanir, enda hefur rekstur hafna á þessu svæði staðið yfir um langt skeið. Hér á eftir er umfjöllun um stefnu Reykjavíkurborgar um hafnarsvæðin í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030. Einnig er umfjöllun um þau verkefni sem unnin hefur verið að innan marka Reykjavíkurborgar síðan lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 voru staðfest árið 1993.

4.1 Aðalskipulag Reykjavíkur⁵

Gamla höfnin

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er m.a. stefnt að því að sjávarútvegur og vinnsla sjávarafurða gegni áfram lykilhlutverki í Gömlu höfninni. Um Gömlu höfnina segir í aðalskipulagi:

„Á jaðarsvæðum Gömlu hafnarinnar og borgarlandsins er reiknað með áframhaldandi þróun íbúðarbyggðar, blandaðrar atvinnustarfsemi og fjölbreyttrar verslunar og þjónustu. Á Vesturhafnarsvæðinu gegna sjávarútvegur og vinnsla sjávarafurða áfram lykilhlutverki og verður ekki þrengt að þeirri starfsemi. Gert er ráð fyrir fjölbreyttri menningar- og þjónustustarfsemi við efri hluta Grandagarðs. Hafnaraðstaða fyrir olíuflutninga verður áfram í Örfirisey á skipulagstímabilinu.“

Sundahöfn

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er stefnt að því að Sundahöfn verði fullþróuð á skipulagstímabilinu. Um Sundahöfn segir í aðalskipulagi:

„Sundahöfn er umfangsmesta hafnarsvæði á Íslandi og afar mikilvæg fyrir efnahags- og atvinnulíf Reykjavíkurborgar, höfuðborgarsvæðisins og landsins alls. Áhersla er lögð á að Sundahöfn þróist á næstu árum og áratugum sem helsta inn- og útflutningshöfn Íslendinga. Framtíðarþróun Sundahafnarsvæðisins er langtíma verkefni og nauðsynlegt að fylgt verði skarpri framtíðarsýn um þróun og starfsemi á svæðinu til að tryggja hagkvæma og farsæla starfsemi til lengri tíma. Byggð hefur verið ný og fullkomin hafnaraðstaða til móttöku stórra skemmtiferðaskipa við Skarfabakka í Sundahöfn en gert er ráð fyrir að minni skemmtiferðaskip geti áfram lagt við Miðbakka. Þróun Sundahafnar undanfarna áratugi hefur tekið mið af breytingum í vöruflutningum og af sérstöðu Íslands. Með auknum gámaflutningum og aukinni stærðarhagkvæmni í sjóflutningum hefur Sundahöfn orðið mikilvægasta miðstöð flutninga til landsins og frá, og til söfnunar og dreifingar um landið. Um 63% þjóðarinnar býr á höfuðborgarsvæðinu og helstu viðskiptasvæði eru innan stundarfjórðungsaksturs frá Sundahöfn. Auk farmstöðva og gámaavalla fyrir sjóflutninga, sem mest ber á í erlendum flutningahöfnum, hafa á Sundahafnarsvæðið safnast vörugeymslur og dreifingarmiðstöðvar, og á síðustu árum einnig landflutningastöðvar fyrir beina vörudreifingu frá hafnarsvæðunum. Þetta þýðir að hafnar- og athafnasvæði við Sundahöfn eru mun stærri en tíðkast annars staðar. Sundahöfn er nú um 180 hektarar. Þar af eru farmstöðvar skipafélaga og annarra um 60 hektarar en annað landrými um 120 hektarar. Rými er til þróunar hafnar utan Klepps milli Kleppsbakka og Vogabakka og með fjölnotahöfn á Klettasvæði við Skarfabakka hefur skapast rými fyrir nýja viðskiptavini. Stefnt er að því að Sundahöfn verði fullþróuð á skipulagstímabilinu. Rými er til þróunar á framsvæðum en landi á baksvæðum hefur að mestu verið ráðstafað. Sum svæði eru komin að endurnýjun og mikilvægt að tryggja markvissa notkun þeirra. Til þess að svo megi verða þarf jafnvægi milli rekstrar á framsvæðum og baksvæðum og miða verður landnýtingu á svæðinu við þarfir sjóflutninga, vörugeymslu og vörudreifingar. Baksvæði í Sundahöfn verða skipulögð og nýtt með þetta að markmiði.“

⁵ Sjá umfjöllun í aðalskipulagi á eftirfarandi vefslóð: https://reykjavik.is/sites/default/files/adalskipulag/ar2010-2030_a-hluti_20140224.pdf

Ártúnshöfði

Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er stefnt að því að höfn við Ártúnshöfða verði lögð niður á skipulagstímabilinu. Um Ártúnshöfða segir í aðalskipulagi:

„Höfninni í Ártúnshöfða var ekki síst valinn staður til að þjóna steypustöðvum og malbikunarstöð á svæðinu. Hún er nú um 9 hektarar og hefur þar verið landað miklu sjávarfni, sementi og asfalti, oft yfir milljón tonnum á ári. Stór hluti þessa fer beint sem hráefni til framleiðslu á svæðinu og aldrei inn á almenna gatnakerfið. Í tillögu að nýju aðalskipulagi er ráðgert að leggja niður höfn í Ártúnshöfða og flytja þaðan starfsemi Björgunar. Í aðalskipulaginu er lagt til að starfsemin verði flutt á nýtt hafnar- og iðnaðarsvæði á Álfsnesi eða á viðeigandi svæði utan Reykjavíkur.“

4.1 Mat á umhverfisáhrifum

Unnið hefur verið að uppbyggingu hafnarsvæða á grundvelli aðalskipulags. Í þrígang eftir að lög um mat á umhverfisáhrifum tóku gildið árið 1993 hafa Faxaflóahafnir (áður Reykjavíkurhöfn) unnið að verkefnum sem heyra undir þau lög innan marka Reykjavíkurhafnar. Einnig hefur Reykjavíkurborg unnið að tveimur landgerðarverkefnum á sundunum sem heyra undir sömu lög sem og Sundabraut. Verkefnin eru eftirfarandi:

Lenging Eyjargarðs við Örfirisey (1996)

Tækniðeild Reykjavíkurhafnar, 1996. *Lenging Eyjargarðs við Örfirisey*. Frummat á umhverfisáhrifum. Reykjavíkurhöfn.

Í skýrslunni eru metin áhrif lengingar Eyjargarðs úr 190 m í 255 m og gerð um 70 m viðlegukants hlémegin við garðinn. Verkefnið fól í sér dýpkun og gröft efnisskiptaskurðs, efnistöku og efnisflutninga.

Dýpkun Sundahafnar (2000)

VST, 2000. *Dýpkun Sundahafnar*. Frummat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurhöfn. Reykjavík.

Í skýrslunni eru metin áhrif þess að dýpka um 1.300.000 m³ við Vogabakka, Skarfabakka og Vatnagarða og nýja innsiglingarrennu að Sundahöfn. Lagt var upp með að framkvæmdir sem þarna eru kynntar myndu standa yfir næstu árin á eftir eða á um 10-15 árum. Faxaflóahafnir hafa unnið að dýpkunarframkvæmdum á þessum árum í samræmi við þessi áform. Sundahöfn nær frá Skarfabakka inn í Elliðaárvog.

Skarfagarður og Skarfabakki (2002)

VST, 2002. *Bygging Skarfagarðs og Skarfabakki í Sundahöfn, Reykjavík*. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurhöfn. Reykjavík.

Í skýrslunni eru metin áhrif nýrra hafnarmannvirkja, Skarfagarðs og Skarfabakka. Við gerð þessara mannvirkja var áætlað að þyrfti um 500.000 m³ dýpkunarverkefni. Áætlað var að framkvæmdum yrði að fullu lokið 2007-2009.

Landfyllingar í Gufunesi (2004)

Hönnun, 2004. *Landfyllingar við Gufunes í Reykjavík*. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurborg, umhverfis- og tæknisvið.

Í skýrslunni eru metin áhrif tveggja landfyllinga við Gufunes, alls 46 ha að stærð. Verkáætlun fól í sér notkun á 750.000 m³ af dýpkunarefni.

Sundabraut (2004)

Línuhönnun, 2004. *Sundabraut 1. áfangi*. Mat á umhverfisáhrifum. Unnið fyrir Reykjavíkurborg og Vegagerðina. Reykjavík.

Í matsskýrslu er kynnt lagning 1. áfanga Sundabrautar í Reykjavík. 1. áfangi nær frá Sæbraut yfir Kleppsvík að Hallsvégi og Strandvegi. Lagðir eru fram 3 framkvæmdakostir, leið I, hábrú, leið II, botngöng og leið III, eyjalausn.

Hafnargerð í Sundahöfn í Reykjavík, Skarfabakki 2. Áfangi (2011)

Tilkynning til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar. Lenging á Skarfabakka í Sundahöfn til austurs um 200 m ásamt 1,3 ha landfyllingu innan við þil. Framkvæmdin var ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Hafnargerð utan við Klepp í Sundahöfn, Reykjavík (2013)

Tilkynning til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu framkvæmdar. Bygging á nýjum 500-600 m löngum hafnarbakka utan við landfyllingu við Klepp. Framkvæmdin var ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Landfylling í Elliðaárvogi (2016)

Mannvit, 2016. *Landfylling í Elliðaárvogi, Reykjavík. Mat á umhverfisáhrifum.* Unnið fyrir Reykjavíkurborg, umhverfis- og skipulagssvið.

Í skýrslunni eru metin áhrif landfyllingar í Elliðaárvogi, alls 13 ha að stærð. Verkáætlun fól í sér notkun á dýpkunarefni, en magn þess var ekki skilgreint.

5. Framkvæmdaáform og umhverfismál

5.1 Áform Faxaflóahafna

Viðhalds- og rekstrardýpkanir

Á árunum 2019-2023 eru áætlaðar dýpkanir til að viðhalda höfnum í Reykjavík til næstu ára. Fyrst og fremst eru það ýmis dýpkunarverk sem tengjast komum stærri og djúpristari skipa þar sem að nægjanlegt dýpi í aðsiglingu og viðlegu verður að vera til staðar. Í smíðum eru nú ný gámaskip á vegum Eimskip sem munu leggjast að nýjum hafnarbakka utan Klepps. Stefnt er að því að byggingu bakkans ljúki sumarið 2019 og reikna má með að nýju skipin komi um mitt ár 2019. Gámaskip Samskipa að Vogabakka eru að kenna botns í aðsiglingu að Vogabakka og í farvatninu er stærri skemmtiferðaskip að Skarfabakka en áður hafa sést.

Einnig er nauðsynlegt að yfirfara og lagfæra dýpi á nokkrum stöðum í viðlegum í Gömlu höfninni.

Eins og fram kemur í kafla 4.1 er áformað að leggja niður höfn við Ártúnshöfða á næstu árum. Þar til af því verður þurfa skip að komast að höfninni. Um er að ræða skip Björgunar með efnisfarma, asfaltskip, skip með saltfarm o.fl. Nú er svo komið að nokkuð magn af seti hefur sest fyrir í innsiglingarrennu að höfninni sem og við viðlegu hafnar. Það gerir það að verkum að mjög brýnt er orðið að hreinsa svæðið þannig að höfnin geti starfað þangað til ákveðið verður að loka henni endanlega. Sömu sögu má segja um innsiglingu að Snarfarahöfn og smábátahöfn í Bryggjuhverfi, en brýnt er orðið að hreinsa set úr þeim innsiglingarrennum.

Landgerð

Eins og fram kemur í fyrri umfjöllun hafa Faxaflóahafnir staðið fyrir uppbyggingu Gömlu hafnarinnar og Sundahafnar jöfnum höndum um áratugaskeið. Það hefur meðal annars falið í sér dýpkanir og gerð landfyllinga en þær framkvæmdir hafa spilað vel saman eins og lesa má úr töflum 1,2 og 3 hér á undan. Framundan er landgerð í Vatnagörðum en til stendur að útbúa 10 ha landfyllingu á því svæði á árunum 2020-2022. Áætlað er að nýta dýpkunarefni úr Sundahöfn að hluta sem undirfyllingar í þá landfyllingu.

Varp í hafið

Faxaflóahafnir fyrirhuga að nýta dýpkunarefni að mestu til landgerðar. Nauðsynlegt er þó að hafa kost á því að losa dýpkunarefni í námu austan Engeyjar, þá sömu og nýtt hefur verið frá árinu 2005. Faxaflóahafnir áætla að tímabilið 2019-2023 gæti orðið þörf á að losa allt að 140.000 m³ af dýpkunarefni í námu austan Engeyjar. Tímasetningar á landgerð og dýpkun fara ekki alltaf saman. Því er nauðsynlegt að fyrir hendi sé samþykkt losunarrými fyrir dýpkunarefni þannig að hægt sé tímanlega að bregðast við nauðsynlegum dýpkunum.

5.2 Umhverfisáhrif

Framkvæmdir í Reykjavíkurböfn á vegum Faxaflóahafna hafa á undanförunum árum undirgengist mat á umhverfisáhrifum og verið tilkynntar til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu eins og fjallað er um í kafla 4.2. Í þeim verkefnum hefur verið unnið að rannsóknum á botnseti og mögulegri mengun þess, rannsóknum á botndýralífi, rannsóknum á fuglalífi, rannsóknum á göngu laxfiska og líkanreikningum af straumum svo það helsta sé talið. Í mati á umhverfisáhrifum og matsskylduákvörðunum Skipulagsstofnunar hefur ekkert komið fram sem bendir til þess að umhverfisáhrif þessara framkvæmda verði umtalsverð. Í samræmi við niðurstöðu mats á umhverfisáhrifum hafa Faxaflóahafnir lagt áherslu á eftirfarandi þætti til þess að lágmarka umhverfisáhrif í þeim framkvæmdum sem fyrirtækið hefur staðið fyrir á Sundunum:

-Betri nýting auðlinda, minni flutningar

Eins og fram kemur í þessari umfjöllun og lesa má úr töflum 1, 2 og 3 þá hefur um langt skeið tekist vel að nýta dýpkunarefni í landgerðarverkefni innan Sundahafnar. Slíkt stuðlar að bættri nýtingu auðlinda en endurnýting dýpkunarefnis minnkar þörfina á efnisnámi annars staðar frá sem minnkar flutninga og framkvæmdakostnað.

-Meðhöndlun og skoðun á seti

Fram hafa farið ýmsar skoðanir á mengunarástandi sets á þessu svæði sem tengist meðal annars þeim verkefnum sem unnið hefur verið að og kynnt eru í kafla 4.2. Einnig hafa nú þegar farið fram mælingar á mengunarstigi botnsets á þeim svæðum þar sem ráðast þarf í dýpkun á næstu árum. Þær mælingar hafa verið kynntar Umhverfisstofnun. Heilt yfir hefur mengunarstig sets í Sundahöfn reynst vera undir viðmiðunarmörkum og því fengist leyfi til að varpa því í hafið. Reynist mengunarstig sets yfir viðmiðunarmörkum er í leyfisferli farið yfir hvernig best er að meðhöndla slíkt efni í samráði við Umhverfisstofnun og Hafrannsóknastofnun. Niðurstaða þess hefur stundum verið sú að koma menguðu seti fyrir innan landfyllingar og loka þannig af mögulega mengun til framtíðar.

-Framkvæmdatími og vinnulag

Faxaflóahafnir hafa lagt áherslu á að framkvæmdir við dýpkun séu utan göngutíma laxfiska í og úr Elliðaánum til að lágmarka möguleg áhrif. Einnig er lögð áhersla á að halda gruggmyndun í lágmarki. Benda má á að Hafrannsóknastofnun hefur unnið að rannsókn á farleiðum gönguseiða laxa á ósasvæði Elliðaáa og liggja fyrir niðurstöður fyrir árið 2017⁶.

6. Niðurstaða

Þessar hafnir svo sem Gamla höfnin og Sundahöfn eru hafnir í fullum rekstri og höfn við Ártúnshöfða höfn sem stefnt er að lokun á næstu árum. Á síðustu áratugum hafa farið fram umfangsmiklar framkvæmdir við uppbyggingu hafna og viðhald, sem felur m.a. í sér landgerð, bakkagerð og dýpkanir. Umfjöllun um möguleg áhrif þessara framkvæmda hefur átt sér stað og er ekkert sem bendir til annars

⁶ <https://www.hafogvatn.is/static/research/files/1522058742-hv2018-13pdf>

en að umhverfisáhrif séu þess eðlis að hægt sé að halda þeim í lágmarki með réttu verklagi eins og viðhaft hefur verið til þessa og fjallað hefur verið um í leyfisveitingum.

Faxaflóahafnir telja að framkvæmdir við viðhalds- og rekstrardýpkanir árin 2019-2023 hafi óveruleg umhverfisáhrif í för með sér og ættu því ekki að vera háðar mati á umhverfisáhrifum. Sú ályktun er einkum byggð á neðangreindu sbr. 2. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum:

- Eðli framkvæmdar:
 - Dýpkun hefur áður átt sér stað á þessum svæðum og röskun nú þegar komin fram af þeim völdum.
 - Dýpkunarefni sem ekki nýtist til landgerðar hefur áður verið varpað í námu austan Engeyjar að fengnu leyfi Umhverfisstofnunar.
- Staðsetning framkvæmdar
 - Framkvæmdin er viðhalds- og rekstrardýpkun á höfn í fullri starfsemi.
 - Engin verndarákvæði eiga við um svæðið en gæta þarf varúðar varðandi tímasetningar með tilliti til farleiða laxfiska eins og gert hefur verið til þessa.
- Eiginleikar hugsanlegra áhrifa framkvæmdar:
 - Framkvæmdir verða á hafnarsvæði og ólíklegt að margir verði fyrir áhrifum.
 - Miðað við fyrri athuganir og að svæðin eru röskuð má telja að áhrif á lífríki verði óveruleg.
 - Með því að halda framkvæmdum utan þess tíma sem laxfiskar ganga úr og í Elliðaár þá verður unnt að halda áhrifum á þá í lágmarki.
 - Stuðlað er að bættri nýtingu auðlinda með því að nýta dýpkunarefni í landgerð þar sem því verður við komið.

Orkustofnun
b.t. Kristjáns Geirssonar
Grensásvegi 9
108 REYKJAVÍK

Reykjavík, 9. júlí 2019
Tilvísun: 2019060381/25.24

Efni: Umsögn Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur um umsókn Faxaflóahafna dags. 14. febrúar sl., um leyfi til efnistöku af hafsbotni í Sundahöfn og gömlu höfninni í Reykjavík.

Vísað er til bréfs Orkustofnunar dags. 24. júní 2019 þar sem óskað er umsagnar Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur (HER) um umsókn Faxaflóahafna, dags. 14. febrúar sl., um leyfi til efnistöku af hafsbotni í Sundahöfn og gömlu höfninni í Reykjavík. HER hefur farið yfir erindið og þau gögn sem því fylgja og gefur eftirfarandi umsögn.

HER gerði umsögn um mögulega matsskyldu dýpkunarframkvæmda Faxaflóahafna til Skipulagsstofnunar 2. júlí 2018. Bent var þá á að hætta er á að uppsöfnuð efni s.s. TBT, kopar og aðrir þungmálmur séu til staðar þar sem skipaumferð vegna iðnaðarstarfsemi hefur verið til staðar í áratugi. Við dýpkunarframkvæmdir er hætta á að mengað botnset berist út í nærumhverfið og geti haft áhrif á lífríkið. Þess þarf því að gæta við dýpkunarframkvæmdir í Sundahöfn að koma í veg fyrir að mengað botnset geti borist að Elliðavogi og Elliðaárósum. Huga skal framkvæmdum þannig að ekki sé unnið á viðkvæmum tímum s.s. göngutíma laxa og varptíma fugla. Við framkvæmdir í gömlu höfninni í Reykjavík þarf að huga að því að dýpkunarframkvæmdir valdi ekki óþægindum og ónæði í íbúðarbyggðinni á hafnarsvæðinu. Leitast skal við að hafa framkvæmdatíma aðeins á virkum dögum, ekki um kvöld og helgar sbr. töflu III í viðauka í reglugerð nr. 724/2008 um hávaða.

HER bendir á að fyrirhugaðar eru miklar framkvæmdir og skipulagsbreytingar í Elliðavogi og nágrenni hans. Samlegðaráhrif dýpkunarframkvæmda við aðrar framkvæmdir geta aukið hættu á áhrifum á lífríki Elliðaáa. HER bendir einnig á að engin ný gögn fylgja umsókn Faxaflóahafna um efnistöku af hafsbotni, sama skýrsla er lögð til grundvallar og fylgdi umsagnarbeiðni um matsskyldu frá 2018. HER benti þá á að betur mætti gera grein fyrir umfangi fyrirhugaðra dýpkunarframkvæmda í gögnunum, þar sem takmarkaðar upplýsingar eru um stærð dýpkunarsvæða er erfiðara að meta áhrif framkvæmdanna.

Virðingarfyllst
f.h. Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur

Svava S. Steinarsdóttir
heilbrigðisfulltrúi

Kristín Lóa Ólafsdóttir
heilbrigðisfulltrúi